

| Starfsstöð                     | Heimilisfang       | Viðstaddir                                                 |                  |               |           |
|--------------------------------|--------------------|------------------------------------------------------------|------------------|---------------|-----------|
| FE-1203                        | Strandgötu 18      | Alvaro Martin Pulido Stöðvarstjóri Röndin                  |                  |               |           |
| Kaldvík hf. Röndin - Kópaskeri | 735 Eskifjörður    | Linda Björk Níelsdóttir aðstoðarmaður gæða- og fiskiheilsu |                  |               |           |
|                                |                    | Sandra Eiðsdóttir Gæðastjóri                               |                  |               |           |
|                                |                    | Halldór Yngvi Jónsson Stöðvarstjóri Rifós                  |                  |               |           |
| Tílefni                        | Eftirlit framkvæmt | Dagsetning skýrslu                                         | Tímar við úttekt | Viðbótartímar | Yfirvinna |
| Reglubundin skoðun             | 29.7.2025          | 13.8.2025                                                  | 16               | 0             | 0         |

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 21. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 10 skoðunatriðum, þar af 6 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

| Alvarlegt frávik                                          | Frávik                                   |
|-----------------------------------------------------------|------------------------------------------|
| 5.1.1 Gæðahandbók sjókváeldisstöðva                       | 4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi |
| 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)         | 4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni         |
| 5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)              | 4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks       |
| 5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)           | 4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk    |
| 5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)              |                                          |
| 5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn) |                                          |

#### Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Vigdís Sigurðardóttir, Jónína Guðmundsdóttir og Steinar Rafn Beck Baldursson, fóru í reglubundið eftirlit hjá Kaldvík að Röndinni, Kópaskeri, þann 29. júlí 2025. Gengið var um fiskeldisstöð og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Þá var farið yfir gæðaskjöl og skráningar á skrifstofu fiskeldisstöðvarinnar og óskað gæðaskjöllum útprentuðum sem voru yfirfarin á skrifstofu Matvælastofnunar.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari og Matvælastofnun mun hafa eftirfylgni með frávikum.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Kaldvík hf. Röndin - Kópaskeri  
Strandgötu 18  
735 Eskifjörður  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5204120930

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1

Tengiliðir

|                          |         |                              |                                    |
|--------------------------|---------|------------------------------|------------------------------------|
| Fannar Helgi Þorvaldsson | 8962141 | fannar.helgi@kaldvik.is      | Framkvæmdarstjóri                  |
| Sandra Eiðsdóttir        | 8550191 | sandra.eidsdottir@kaldvik.is | Gæðastjóri                         |
| Alvaro Martin Pulido     | 8597534 | alvaro.martin@kaldvik.is     | Stöðvarstjóri                      |
| Linda Björk Nielsdóttir  |         | linda.nielsdottir@kaldvik.is | aðstoðarmaður gæða- og fiskiheilsu |

## 2 - Leyfi

---

### 2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

#### 2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 31.07.2025

Í lagi

Eftirlitsmenn fóru gróflega yfir framleiðslutölur á staðnum. Ekkert athugavert kom fram við skoðun en eftirlitsþegi var upplýstur um að sérfræðingur Matvælastofnunar í framleiðslutölum muni kalla sérstaklega eftir öllum framleiðslutölum og fara yfir þær í sér eftirliti.

## 4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

### 4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

#### 4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 31.07.2025

Frávik

Ekki er til staðar heildstæð yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli.

#### 4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 31.07.2025

Frávik

Rist var ekki til staðar í niðurfalli við ker 1 og því ekki til staðar tvöföld vörn í frárennsli stöðvarinnar.

Eftirlitsþegi gat ekki sýnt eftirlitsmönnum viðhaldsskrá fyrir eldisbúnað.

### 4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

#### 4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 31.07.2025

Frávik

Viðbragðsáætlun vegna stroks er of almenn og ekki nægjanlega sértæk fyrir eldisstöðina, t.d. kemur ekki fram hvar búnaður til að endurheimta fisk er staðsettur eða hvernig leggja eigi netin vakni grunur um strok í stöðinni. Þá vantar að lagfæra röð viðbragða. Fyrst á að grípa til aðgerða, m.a. veiða til að koma í veg fyrir frekari strok, og svo á að tilkynna strok til viðeigandi aðila.

Ekki er til staðar viðbragðsáætlun um strok hjá flutningsaðila sem sér um flutning seiða á milli eldisstöðvarinnar Rifós og Randarinnar.

#### 4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 31.07.2025

Frávik

Net voru til staðar í eldisstöðinni sem og í bát sem lá við bryggju á hafnarsvæði og notaður er til viðbragðs ef strok verður við flutninga í brunnbát. Möskvastærð beggja netanna var of lítil miðað við stærsta fiskinn sem fluttur er úr stöðinni.

Flutningsaðili sem sér um flutninga á seiðum milli Rifós og Randarinnar hefur ekki búnað til að endurheimta fisk ef kemur til óhapps sem gæti leitt til stroks við flutning seiðanna.

### 5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

#### 5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 31.07.2025

Alvarlegt frávík

Ekki er hægt að fá heildstætt yfirlit yfir þau atriði sem eru til staðar í gæðahandbók eftirlitsþega en slíkt er nauðsynlegt í þeim tilgangi að sannreyna m.a. að farið sé yfir allt efni gæðahandbókar á árlægum fundi og sannpröfun eftirlitsþega ná til allra kafla gæðahandbókar.

Heilt yfir er aðgengi að efni óaðgengilegt starfsmönnum og verklagsreglur og viðbragðsáætlanir of almennar og ekki í samræmi við það vinnulag sem er til staðar í stöðinni.

Í verklagsreglu um þjálfun starfsfólks vantar tímamörk á því hvenær þjálfun sem á að eiga sér stað eftir nýliðaðþjálfun á að vera lokið.

Yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar eru einungis til staðar í ráðningarsamningum viðkomandi starfsmanna og eru of almennar.

Eftirlitsmenn óskuðu eftir staðfestingu á að árlegur fundur hafi farið fram með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar þar sem farið er yfir alla kafla gæðahandbókar og breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið. Ljóst er að fundur var haldinn með starfsmönnum eftirlitsþega en ekki er til staðar fundargerð vegna fundarins. Þær upplýsingar sem eftirlitsmönnum voru sýndar í eftirlitinu varðandi árlega fundinn voru víða og erfitt var að fá yfirsýn yfir dagsetningu fundar, mætingu og fundarefni. Af gögnum sem eftirlitsmönnum var sýnt er ljóst að árlegi fundurinn fjallaði ekki um þau atriði sem fjalla ber um skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

#### 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 31.07.2025

Alvarlegt frávík

Ekki var sýnt fram á að starfsfólk fái alla þá þjálfun sem kveðið er á um að starfsfólk purfi í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sbr. viðauka III. Starfsfólk fær ekki þjálfun í vörnum gegn stroki né þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem það vinnur við.

Ljóst er að starfsmaður sem hóf störf 16. maí sl. lauk ekki nýliðaðþjálfun, þar með talinni fyrsta dags þjálfun og þjálfun innan mánaðar frá upphafi starfs, fyrr en degi áður en eftirlitið fór fram, þ.e. 28. júlí.

Eftirlitsþegi fer því ekki eftir eigin verklagi varðandi þjálfun starfsfólks og þeim tímamörkum sem þar eru tilgreind.

Eftirlitsþegi getur ekki sýnt fram á að sá aðili sem sér um flutning seiða á milli eldisstöðvanna Rifós og Randarinnar hafi hlotið þjálfun í vörnum gegn stroki, viðbrögðum við stroki eða velferð laxa.

Þjálfunarskrá starfsfólks er ófullnægjandi. Erfitt og tímafrekt er að fá heildstæða mynd af þjálfun starfsmanna og hvenær henni var lokið. Ekki er hægt að sjá á þeim þjálfunarskrám sem eftirlitsmönnum voru sýndar hvenær starfsmaður hóf störf og því er ekki hægt að sannreyna með því að lesa úr þjálfunarskrá hvort starfsmenn fái þá þjálfun sem þeim ber að fá og að það sé gert innan tilsettra tímamarka. Að mati Matvælastofnunar eru þjálfunarskrár starfsfólks því ófullnægjandi og þarfnast úrbóta.

#### 5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 31.07.2025

Alvarlegt frávík

Þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar eru margar hverjar of almennar og lýsa ekki nægjanlega vel því vinnulagi sem viðhaft er í eldisstöðinni. Erfiðlega gekk fyrir eftirlitsþega að finna, í því gæðakerfi sem notað er, þær verklagslegur sem áttu við um þessa tilteknu eldisstöð.

Í verklagsreglu um losun á dauðfisk vantar tilgreiningu á ástæðu dauða en eftirlitsþegi vísar sjálfur til þess í daglegri skráningu að slíkt skuli gert.

Í verklagsreglu um flutning á fiski í stöð og úr stöð vantar viðbragð t.d. ef barki rofnar og seiði lenda á gólfi eldisstöðvarinnar.

Ekki er til staðar verklagsregla flutningsaðila um flutning seiða á milli eldisstöðvanna Rífós og Randarinnar.

#### 5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 05.08.2025

Þær viðbragðsáætlanir sem eftirlitsmönnum voru sýndar eru margar hverjar of almennar og lýsa ekki nægjanlega vel því vinnulagi sem viðhaft er í eldisstöðinni. Erfiðlega gekk fyrir eftirlitsþega að finna, í því gæðakerfi sem notað er, þær viðbragðsáætlanir sem áttu við um þessa tilteknu eldisstöð.

Af viðbragðsáætlunum um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun er óljóst hvernig fara á með fóðrun fisk komi til rekstrarstöðvunar. Vísað er til þess að slíkt fari fram skv. reglum en ekki hvaða reglum eða hvernig það skuli gert. Þá þarf að tilkynna til Matvælastofnunar ef rekstur hefst aftur eftir rekstrarstöðvun.

Í verklagsreglur um massadauða og neyðarslátrun vantar viðbragð þegar þær aðstæður gætu skapast að meltutankar sem eru til staðar í eldisstöðinni duga ekki fyrir dauðfisk, þ.e. magn dauðfisks verður of mikið.

Ekki eru til staðar viðbragðsáætlanir vegna bilunar í búnaði m.a. rafmagnsleysi, vatnsleysi o.fl., viðbragðsáætlun vegna eldsvoða eða náttúrvá m.t.t. velferðar fisks í stöðinni né verklagsregla um bilun í hreinsibúnaði.

#### 5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 31.07.2025

Eftirlitsþegi sýndi ekki fram á að verklag væri til staðar fyrir innra eftirlit. Innra eftirliti er ekki sinnt með markvissum hætti og skrásett eins og kröfur eru gerðar til um í 48. gr. og viðauka II í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og 13. gr. a. í lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

#### 5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 31.07.2025

Í verklag um sannprófun vantar fjölda aðila sem eiga að skipa sannprófnunarhóp.

Ljóst er að ekki eru sannprófuð atvik sem ætti að sannprófa, m.a. alvarlegir atburðir sem hafa gerst í rekstri stöðvarinnar, t.d. þegar mikill dauði hefur orðið í kjölfar flutninga, m.a. tengt smoltun.

Sannprófnun eftir stök 30. júlí 2024 ófullnægjandi. Ekkert kemur fram um hver sannprófaði né hvenær sannprófun fór fram. Skýrslan er dagsett 3. nóvember 2024 en í henni er jafnframt fjallað um yfirferð fyrir flutning þann 3. nóvember. Ekki er farið yfir atvikið sem slíkt, þ.e. hvað gerðist, hvert viðbragðið var, hvort þjálfun starfsfólks hafi verið fullnægjandi, hvaða verklagsreglur voru virkjaðar, hvenær net voru lögð út og hvenær tilkynnt var um atvikið til Matvælastofnunar og annarra yfirvalda sem og veiðiðfélags í grend. Vísað er í rótargreiningu á atvikinu sem fylgir ekki með. Þá er ekki tilgreint í hverju eftirfylgni sem vísað er til að starfsfólk hafi tekið þátt í hafi falist, hvaða fræðslu það fékk í kjölfarið og með hvaða hætti eftirlit hafi verið aukið í kjölfarið til varnar slyasleppningum. Í sannprófuninni er vísað til skráninga viðbragða, úrbóta og frávika sem hafi verið unnin skv. EQSDocument en engar frávikaskráningar fylgdu þessari sannprófnu.

Árleg sannprófun sem dagsett er 26. mars 2025 er of almenn og yfirborðskennd. Nokkrum spurningum á spurningalistanum er ekki svarað. Kemur ekki fram hvenær sannprófnunin fór fram einungis dagsetning skýrslu. Ekki farið yfir alla þá þjálfun sem starfsfólk þarf að fá, m.a. gæðakerfið. Aðgerðaráætlun vegna frávika sem vísað er til í sannprófunarskýrslunni fylgir ekki sannprófuninni. Frávikaskráningar og tímafreistir. Ljóst að frávik sem búið átti að vera lagfæra skv. tímasetti úrbótaáætlun voru lagfærð eftir að eftirlitið átti sér stað en pappírar um frávikin bárust ekki fyrr en degi eftir eftirlitið. Sannprófun ekki undirrituð.

**Eftirfarandi skoðunaratríði voru skoðuð og reyndust í lagi**

---

Jónína Guðmundsdóttir  
jonina.gudmundsdottir@mast.is  
Séfræðingur í fiskeldi  
5304800

### Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

### Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

#### LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

#### F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

#### A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

#### Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

#### Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-efitirfylgni ferill (VRF-022) tekur við.

#### Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

#### Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis